



Allsherjarnefnd  
Alþings  
Austurstræti 8-10  
150 REYKJAVÍK

Reykjavík 25. nóvember 2004  
SP/hó

**Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um atvinnuvegaráðuneyti**  
*Tilv: 2004100010*

Vísað er í bréf allsherjarnefndar Alþingis dags. 21. október sl. þar sem leitað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um atvinnuvegaráðuneyti, 15. mál.

Stjórn Bændasamtaka Íslands tekur ekki undir hugmyndir um breytingar á stjórnarráðinu, sem líklegar eru til að lengja boðleiðir, og virðist stjórninni sem stofnun atvinnuvegaráðuneytis muni ekki auka skilvirkni í stjórnsýslunni.

Stjórn BÍ er einnig andvíg hugmyndum sem fram koma í greinargerð með tillögunni um flutning stofnana milli ráðuneyta. Nýstofnaður Landbúnaðarháskóli Íslands er í senn skóli og rannsóknastofnun atvinnuvegarins, þar sem rannsóknirnar hafa þyngra vægi en kennslan, og landgræðsla og skógrækt eru vaxtarbroddar í sveitum, sem réttara er að tengja enn frekar atvinnuveginum en rjúfa frá honum stjórnskipulega.

Virðingarfyllst,  
f.h. Bændasamtaka Íslands

Sigurgeir Þorgeirsson